



## Fundur Landbúnaðarnefndar

**11. fundur Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn þriðjudaginn 17. Mars og hófst kl. 17:30.**

**Mættir voru:** Sverrir Möller, Ævar Rafn Marinósson, Steinunn Halldórsdóttir og Sigríður Ósk Indriðadóttir. Maríus Halldórsson boðaði forföll en hann lýsti yfir vanhæfi sínu sökum liðs númer þrjú á dagskrá.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

### 1. Vargeyðing.

Betri sundurliðunar á kostnaði vegna veiða er þörf. Þeir tveir sem áður störfuðu við veiðar ætla ekki lengur að gera það. Formaður talar um að fá sveitarstjórn til auglýsa eftir veiðimönnum í Skeglunni til grenjaveiða. Það vantar upplýsingar um hvort búið sé að hnitseta grenin.

Nefndin telur að mikilvægt sé að leggja mesta áherslu á að verðlauna fyrir veidd dýr. Landbúnaðarnefnd leggur til að fyrirkomulaginu verði breytt frá því sem nú er á þann hátt að greitt verði fyrir grenjaleit með eingreiðslu. Einnig verði greitt fyrir hvert veitt dýr.

Landbúnaðarnefnd leggur einnig til að fyrirkomulag við minnkaveiðar verði endurskoðað, greidd verði eingreiðsla fyrir leitina. Einnig verði greitt fyrir hvert veitt dýr.

### 2. Verkefni ársins 2016 – Kostnaður og forgangsröðun.

*i. Heiðargirðing milli Finnaþjarðar og Miðfjarðará, u.þ.b 15 km löng.*

Girðingin er nánast ónýtt og þarfnast verulegs viðhalds eða uppbyggingar. Ljóst er að girðingin mun kosta um það bil 1.200.000 kr á km samkvæmt nýjustu verðlistum. Landbúnaðarnefnd gerir sér grein fyrir því hversu miklir peningar liggja í því að byggja upp girðinguna. Nefndin veltir upp þeirri spurningu hvort ný girðing vegna uppbyggingu Brekknaheiðarveggar gæti þjónað sama tilgangi. Ljóst er að til að fjallskil geti farið fram að eðlilegan hátt á þessu svæði og beitarstýring á sauðfé þá verður girðing að vera til staðar.

*ii. Uppbygging og endurnýjun á aðhaldi við Heiði.*

Efniskostnaður um það bil 150.000 kr. Vinna undanskilin þar sem hefð er fyrir því að bændur vinni slíka vinnu endurgjaldslaust.

*iii. Aðhald við Miðfjarðarnessel/Litlu-Kverká.*

Efniskostnaður um það bil 150.000 kr. Vinna undanskilin þar sem hefð er fyrir því að bændur vinni slíka vinnu endurgjaldslaust.

*iv. Kamrar við Vesturheiðarkofa og Miðfjarðarheiðarkofa.*



## LANGANESBYGGÐ

Kostnaður til þess verks var samþykktur af sveitarstjórn á síðasta ári (2015) Að upphæð 120.000 kr á hvorn kofa. Búið er að kaupa efni í annan kofann í það minnsta. Ekki náðist að vinna verkið á síðasta ári.

### 3. Innsent erindi – Hallgilsstaðir.

Landbúnaðarnefnd fagnar því að löngu tímabær hagagirðing sé komin í landi Hallgilsstaða I og II.

Formgalli var á framkvæmdinn þar sem ekki var sótt um framkvæmdarleyfi til Langanesbyggðar áður en farið var af stað í verkið. Þar hefðu landeigendur getað komið sér saman um kostnaðarskiptinguna.

Landbúnaðarnefnd telur framkvæmdina þjóna hagsmunum Langanesbyggðar. Af þeim sökum mælir Landbúnaðarnefnd til að ábúandi og landeigandi Hallgilsstaða I komi sér saman um ásættanlega niðurstöðu. Í það minnsta að Langanesbyggð borgi girðinguna við ábúðarlok.

Fjórða og fimmta lið frestað til næsta fundar Landbúnaðarnefndar sem haldinn verður þriðjudaginn 11. apríl.

Fundi slitið kl. 19:30